

FRÁSÖGN

af þingmannaráðstefnu Hinnar norðlægu víddar í Brussel 22. nóvember 2017.

Af hálfu Alþingis sóttu fundinn Bryndís Haraldsdóttir, formaður Vestnorræna ráðsins og Bylgja Árnadóttir, ritari. Hin norðlæga vídd (e. Northern Dimension) er samstarfsvettvangur Evrópusambandsins, Íslands, Noregs og Rússlands. Þingmannaráðstefna samstarfsins er haldin annað hvert ár.

Í opnunarræðu sinni ræddi Mairead McGuinness, fyrsti varaforseti Evrópuþingsins, um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á norðurslóðir. Hún benti á að norðurhluti Evrópu og norðurskautið væru viðkvæm svæði sem nauðsynlegt væri að standa vörð um og hvatti alla þátttakendur ráðstefnunnar til að stuðla að fullgildingu Parísarsamkomulagsins í sínum heimalöndum. McGuinness sagði samstarfið um Hina norðlægu vídd vera mikilvægan þátt í hinni nýju norðurskautsstefnu Evrópusambandsins sem samþykkt var fyrr á árinu.

Hinir ýmsu samstarfsaðilar ávörpuðu ráðstefnuna, þar á meðal Marie-Anne Coninx, sendiherra ESB gagnvart norðurskautinu, Othmar Karas, formaður þingmannanefndar Evrópuþingsins gagnvart Rússlandi, og Regina Palandi-Paju, fulltrúi í fastanefnd Eistlands, sem fer með formennsku í ráði Evrópusambandsins. Í máli þeirra kom fram að Evrópusambandið legði nú sem fyrr áherslu á sameiginlega ábyrgð landanna á öryggi, þróun og verndun norðurslóða. Í nær tuttugu ár hafi kjarninn í samvinnunni um Hina norðlægu vídd verið áhersla á nærumhverfi fólks, hagnýta og uppbyggilega samvinnu. Þingmannaráðstefnan væri lykillinn að samstarfinu um Hina norðlægu vídd og léði því leiðsögn, innihald og lögmæti. Þær miklu áskoranir sem svæðið stæði frammi fyrir undirstrikaði aðeins þörfina á áframhaldandi samvinnu. Ræðumenn voru sammála um að þrátt fyrir að samskipti Evrópusambandsins og Rússa væru stíð um þessar mundir, sökum viðskiptaþvingana ESB gagnvart Rússum, hefði samstarfið á vettvangi Hinnar norðlægu víddar gengið vel. Í umræðum kom fram í máli þingkonunnar Epifanova frá Rússlandi að þingmannaráðstefnan væri mikilvægur þáttur í að auka traust og samvinnu milli nágrannalanda. Viðskiptaþvinganir sem Evrópusambandið hefði beitt Rússa hefðu hins vegar gert fjármögnun verkefna í norðrinu erfiðari.

Eirik Sivertsen, formaður þingmannanefndar um norðurskautsmál (e. CPAR), flutti einnig ávarp og gerði loftslagsmál og sjálfbæra þróun á norðurslóðum að umtalsefni sínu. Hann ítrekaði að á norðurslóðum byggju um 4 milljónir manna, þar af um 10% frumbyggjar, og að þeir hefðu þörf fyrir atvinnu- og menntunartækifæri. Hann sagði loftslagsbreytingar vera stærstu vána á svæðinu og benti á að hækkun hitastigs af völdum loftslagsbreytinga væri tvisvar sinnum meiri á norðurslóðum en annars staðar í heiminum. Breytileikinn milli svæða væri líka mikill og á einstökum svæðum væri fyrirsjáanlegt að hækkun hitastigs af völdum loftslagsbreytinga yrði allt að 20 gráður yfir vetrartímann. Þrátt fyrir að afleiðingar loftslagsbreytinga sæjust skýrast á norðurslóðum ættu allir jarðarbúar sök á vandanum. Íbúar á norðurslóðum yrðu í fararbroddi við að takast á við loftslagsbreytingar en til að leysa vandann yrði að koma til alþjóðlegt átak. Lausnin væri ekki að friðlýsa norðurslóðir.

Einnig fluttu ávarp Michael Tetzschner, fulltrúi Norðurlandaráðs, Jörgen Pettersson, formaður Þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins (e. BSPC), auk þess sem embættismenn Evrópusambandsins kynntu hin ýmsu verkefni á sviði samgangna og fjarskipta.

Fulltrúar aðildarlanda Hinnar norðlægu víddar kynntu stuttlega stefnur sínar um svæðið. Urmas Paet, talsmaður nýrrar norðurskautsstefnu ESB, gerði öryggismál norðurskautsins að umtalsefni. Hann harmaði það að Rússar hefðu orðið fyrstir til að byggja upp herafila á svæðinu með því að auka starfsemi í herstöðvum sínum við norðurströnd Rússlands auk þess sem þeir hefðu kastað eign sinni á stóran hluta hafsbotnsins og auðlinda hans. Mikilvægt væri að viðhalda

þeim góðu samskiptum milli landa á svæðinu sem hingað til hefðu verið við lýði. Þaet benti einnig á að Evrópusambandið væri stærsti fjármögnunaraðili á norðurskautinu og ætti því að fá aðild að Norðurskautsráðinu sem fullgildur meðlimur. Hingað til hefði hins vegar verið staðið gegn tilraunum ESB í þá átt. Mögulega olíuvinnslu á norðurslóðum sagði Paet vera mikilvæga fyrir ESB en að taka þyrfti tillit til þess hve svæðið væri viðkvæmt. Borun eftir olíu þyrfti því að standast ströngustu kröfur um öryggi. Hann sagði einnig mikilvægt að raddir frumbyggja á svæðinu heyrðust skýrar við stefnumótun. ESB þyrfti að gera sitt til að auðvelda frumbyggjum að taka þátt í umræðum á fyrri stigum mála og þá helst í Brussel.

Solveig Rossebø, fulltrúi norðurslóðaskrifstofu utanríkisráðuneytis Noregs, sagði mikilvægt að tekist hefði að halda norðurskautinu friðsömu svæði þar sem virðing væri borin fyrir alþjóðalögum. Igor Kapyrin, frá skrifstofu Evrópusamvinnu í utanríkisráðuneyti Rússlands, sagði rússnesk stjórnvöld leggja mikla áherslu á samvinnu við nágrannalönd sín og ítrekaði að Hin norðlæga vídd væri samvinna jafningja. Löndin við norðurskautið hefðu sameiginleg markmið: Að stuðla að velferð íbúa sinna og að rannsaka náttúruauðlindir sínar án þess að skaða umhverfið. Kapyrin vísaði einnig óljóst til ræðu Paets og sagði Rússa leggja áherslu á réttlátt og ófrávikjanlegt öryggi (e. equitable, indivisible security).

Í ræðu sinni fyrir hönd Íslands lagði Bryndís Haraldsdóttir áherslu á mikilvægi málefna norðurslóða fyrir íslenska utanríkisstefnu. Ísland væri norðurslóðaríki og því hefðu umhverfismál, efnahagsþróun og stjórnmal svæðisins bein áhrif á íbúa landsins. Loftslagsbreytingar ógnuðu nú umhverfinu og yrðu Íslendingar að vinna með ríkjum heims að lausn á vandanum. Nefndi hún sérstaklega súrnun hafsins og þá vá sem að lífverum hafsins stafaði af þeim sökum. Öll þyrftum við að taka höndum saman og fullgilda og innleiða Parísarsamkomulagið ef við ættum að eiga von um að vernda auðlindir hafsins. Bryndís sagði frá þátttöku Íslands í fjölbreyttu alþjóðlegu samstarfi um málefni norðurslóða. Hún fagnaði sérstaklega samstarfinu um Hina norðlægu vídd þar sem Íslandi gæfist tækifæri til samstarfs á jafnréttisgrundvelli við Evrópusambandið, Rússland og Noreg. Þegar kæmi að því að móta stefnu um norðurslóðir sagði Bryndís mikilvægt að standa vörð um réttindi íbúa svæðisins og sérstaklega þyrfti að leggja áherslu á jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Benti hún á að hlutfallslega fleiri konur yfirgæfu heimaslóðir sínar á jaðarsvæðum á norðurslóðum en karlar. Jafnrétti kynjanna væri málefni sem gæti aukið lífsgæði íbúa á norðurslóðum verulega. Á fundi um yfirlýsingu fundarins lagði Bryndís fram breytingartillögu um að bæta við yfirlýsinguna ákvæði sem mælti með því að kynjasjónarmið yrðu höfð í huga við alla stefnumótun um málefni svæðisins. Breytingartillagan var samþykkt án athugasemda.

Í lok ráðstefnunnar kynntu fulltrúar frá málefna-samstarfi Hinnar norðlægu víddar starfsemi sína og helstu verkefni. Um er að ræða fjórar stofnanir: Samstarfsvettvang á sviði umhverfismála (e. Northern Dimension Environmental Partnership), á sviði samgangna og flutninga (e. Northern Dimension Partnership on Transport and Logistics), á sviði lýðheilsu og velferðarmála (e. Northern Dimension Partnership on Public Health and Social Wellbeing), og á sviði menningar (e. Northern Dimension Partnership on Culture). Verkefni málefna-samvinnunnar eru fjármögnuð úr sameiginlegum sjóðum á vegum aðildarlandanna auk lána frá alþjóðlegum fjármálastofnunum.

Stórir áfangar náðust á samstarfsvettvangi um umhverfismál árið 2017 en þá lauk tveimur stórum verkefnum. Annað verkefnið sneri að hreinsun frárennslisvatns frá rússneskum borgum í Eystrasaltið og hitt að flutningi kjarnorkuúrgangs frá Barentshafi til vinnslustöðva. Á samstarfsvettvangi um samgöngur og flutninga er unnið að smærri og afmarkaðri verkefnum varðandi samgöngur, aðallega byggingu hafna og vega. Á vettvangi lýðheilsu og velferðarmála er t.a.m. unnið að verkefnum varðandi áfengisneyslu, sýklalyfjaónæmi og heilsu fanga. Á vettvangi menningar er áherslan á að styðja við skapandi greinar og þá sérstaklega í dreifbýli.

Í lok ráðstefnunnar var einróma samþykkt yfirlýsing fundarins og starfsreglur þingmannaráðstefnunnar. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.